

Reglur Ríkisútvarpsins um kynningu framboða í tengslum við alþingiskosningar 2021

- Reglur þessar eru gerðar á grundvelli 7. tl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 23/2013.

1. gr. Jafnt tækifæri til að kynna stefnumál

Ríkisútvarpið skal veita öllum gildum framboðum til alþingiskosninga jafnt tækifæri til að kynna stefnumál sín á hefðbundnum dagskráartíma í sjónvarpi, sbr. 7. tl. 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013.

2. gr. Frambjóðandakynning

Ríkisútvarpið úthlutar hverju framboði allt að fjögurra mínútna útsendingartíma án endurgjalds fyrir kynningarefni sem sýnt verður að loknum 22-fréttum í sjónvarpi eftir að framboðsfrestur rennur út. Það ræðst með hlutkesti í hvaða röð kynningarefni frambjóðenda verður sýnt.

Kynningarefni hvers framboðs skv. þessari grein verður sérstaklega aðgreint í dagskrá Ríkisútvarpsins sem kynningarefni viðkomandi framboðs.

Kynningarefnið skal innihalda kynningu á framboði og stefnumálum vegna alþingiskosninga 2021. Óheimilt er að nýta þennan vettvang í öðrum tilgangi.

Staðhæfingar sem settar eru fram sem staðreyndir skulu vera sannreynanlegar með einföldum og aðgengilegum hætti og skal framboð sýna fram á það verði þess krafist.

3. gr. Framleiðsla og ábyrgð efnis

Hvert framboð ber kostnað af því kynningarefni sem Ríkisútvarpinu verður látið í té, skv. 2. gr.

Framboð ábyrgist heimild sína til birtingar efnisins og að birting þess brjóti hvorki í bága við lög né réttindi annarra.

Ríkisútvarpið hafnar beiðni um birtingu kynningarefnis verði þess vart að það brjóti í bága við lög, reglur þessar eða réttindi annarra.

Rísi ágreiningur um ofangreint skal útvarpsstjóri, skera úr um það, enda ber Ríkisútvarpið ábyrgð á efninu sem sent verður út, eftir því sem lög bjóða.

4. gr. Afhending efnis

Kynningarefni viðkomandi framboðs skv. 2. gr. skal berast Ríkisútvarpinu eigi síðar en 10. September 2021.

5. gr. Tækniröfur efnis

Innsendu efni er ætlað að fylgja skilyrðum Ríkisútvarpsins um tækniröfur. Kynningarefnið skal uppfylla tæknilegar skilareglur Ríkisútvarpsins vegna alþingiskosninga 2021 sem fylgir reglum þessum í viðauka.

Allar beiðnir um skil á kynningarefni sem uppfyllir ekki tækniröfur Ríkisútvarpsins verða að fá samþykki fyrirfram hjá yfirmanni tæknideildar.

6. gr. Misbrestur á útsendingu

Falli birting efnis skv. 2. gr. niður, eða komi fram galli í útsendingu sem má rekja til mistaka eða tæknilegra örðugleika hjá Ríkisútvarpinu, skal það í samráði við viðkomandi framboð greiða úr slíku með aukabirtingu á hefðbundnum dagskráartíma við fyrsta tækifæri.

7. gr. Miðlun

Kynningarefni skv. 2. gr. verður gert aðgengilegt á vef Ríkisútvarpsins, www.ruv.is, fram yfir kjördag alþingiskosninga 2021.

8. gr. Gildistími

Reglur þessar taka gildi við birtingu og gilda fram yfir kjördag alþingiskosninga 2021.

Ríkisútvarpið ohf. 26. Júlí 2021